

Nr. 2022-061 S 043 Baldvin Njálsson GK 400**Skipverji slasast**

Skipaskr.nr. 2992 IMO nr. 9894210
Smíðaður: Vigo Spáni 2021 stál
Stærð: 2880 BT
Mesta lengd: 66.16 m Skráð lengd: 61.32 m
Breidd: 16 m Dýpt: 9.38 m
Vél: Wärtsilä 2999 kW, 2020
Fjöldi skipverja: 26

Gögn:

Gögn RNSA

Lögregluskýrsla



Lokaskýrsla afgreidd á fundi xx 2022 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli..


Atvikalýsing:

Þann 8. júlí.2022 var Baldvin Njálsson GK 400 að togveiðum á Austfjarðamiðum. Veður SV 13-18 m/s nokkur sjór .


Fjórir skipverjar voru á þilfari að taka inn veiðarfærið. Verið var að hífa inn pokann þegar losunargils bakborðsmegin losnaði og sveiflaðist í einn skipverjann með þeim afleiðingum að hann missti meðvitund. Hlaut hann talsverða áverka í andliti og kvartaði undan eymslum í brjósti. Í samráði við lækni var siglt með hinn slasaða til Fáskrúðsfjarðar og honum komið undir læknishendur.

Við rannsókn kom eftirfarandi fram:

- Krókurinn sem slóst í skipverjann er öryggiskrókur af gerðinni Gunnebo (sjá mynd 1) en hann er 9 kg að þyngd.
- Á myndbandsupptökum sést að slasaði fékk krókinn í bringuna, féll fram fyrir sig og lenti með andlitið á þilfarinu.



Mynd 1 öryggiskrókur
Gunnebo BK20



Mynd 2 gilskrókur

- Krókurinn var festur í spotta sem festur var í burðarsúlu undir bátapilfari en ofan á togþilfari (sjá mynd 2).

- Ástæða þess að gilsinn var festur í slíkan spotta til öryggis ef einhver hífði óvart í gilsinn þá slitnaði spottinn við lítið átak og ylli minni hættu.
- Við skoðun kom í ljós að krókurinn gat opnast um nokkra mm áður en öryggisfjöðrin tók við (sjá mynd 3).
- Strax eftir slysið var gilskrókurinn festur í svera stroffu til að koma í veg fyrir að hún gæti dregist út um glufuna á króknum. Sverari stroffan var síðan tengd með grennri spotta í burðarsúluna.
- Um borð í skipinu er öryggisnefnd, skriflegar verklagsreglur og gert er áhættumat fyrir einstaka verkþætti.
- Rannsakandi skoðaði nýjan samskonar krók og var notaður um borð í skipinu. Ljóst var að hann gæti opnast örlítið og má leiða af því líkum að við slit af völdum notkunar gæti hann opnast meira (sjá mynd 4).



Mynd 3 öryggiskrókur



Mynd 4

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu en hvetur áhafnir til að fylgjast vel með ástandi gilskróka.